

Ár 2003, mánudaginn 3. nóvember er kveðinn upp svohljóðandi úrskurður í kærumálinu nr. 1/2003

**Suphit Donkanha
gegn
Kristjáni Georgssyni**

Mál þetta var þingfest 8. september s.l. Aðilum var veittur frestur til að skila greinargerðum til 22. september sem síðan var framlengdur til 10. október 2003. Málið var tekið fyrir 23. október í fundarsal GSÍ í íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Þar lýstu fyrirvarsmenn aðila gagnaöflun lokið og var málið þá tekið til úrskurðar. Guðmundur Sophusson dómari við dómstól GSÍ fer með mál þetta.

Krafa kæranda

Með kæru dags. 31. ágúst 2003 til dómstóls GSÍ kærir Suphit Donkanha félagi í Golfklúbbi Ness Kristján Georgsson formann mótanefndar NK fyrir brot á golfreglum þar sem hann bar ábyrgð á breytingu forgjafar kæranda sem formaður nefndarinnar sem stjórnaði keppni þeirri sem meint brot voru framin í. Keppnin sem hér um ræðir var golfmót sem fram fór á Nesvellinum hinn 21. maí árið 1998.

Krafa kærða

Í greinargerð kærða er gerð aðalkrafa um að málinu verði vísað frá dómi en til vara er krafist sýknu.

Málavextir

Mál Suphit Donkanha vegna þátttöku hennar í framangreindu golfmóti hefur áður verið rekið fyrir flestum dómstigum og dómstólum íþróttahreyfingarinnar. Málavöxtum er þannig lýst í úrskurði í máli nr. 1/2002:

Vorið 1998 var kærandi með 36 í grunnforgjöf. Hinn 10. maí það ár lék kærandi Nesvöllinn á 97 höggum eða 61 höggi nettó, sem er 11 höggum undir pari vallarins. Fyrirvarsmáður kæranda hér fyrir dómi lék með kæranda og skráði skor kæranda á skorkort og staðfesti árangurinn með áritun sinni á kortið ásamt kæranda. Á skorkortið var dagsetning leikdagsins skráð 10/5 1998. Kortið afhenti fyrirvarsmáður kæranda framkvæmdastjóra klúbbsins sama dag í því skyni að kortinu væri komið til forgjafarnefndar til lækkunar á forgjöf.

Hinn 21. maí 1998 eða 11 dögum eftir að kærandi hafði skilað inn korti til lækkunar á forgjöf sinni tók kærandi þátt í golfmóti á Nesvelli. Á skorkorti var kærandi enn skráður með 36 í forgjöf. Lauk kærandi keppni á 100 höggum og var nettóskorið 64 miðað við uppgefna forgjöf af klúbbum. Áður en móti þessu lauk vakti formaður forgjafarnefndar athygli umsjónarmanns mótsins, formanns kappleikjanefnar, á því, að um ranga forgjöf væri að ræða hjá kæranda. Formaður kappleikjanefndar ákvað við þessar aðstæður að leiðrétta nettó höggafjölda kæranda með hliðsjón af þeirri

breytingu á forgjöf sem leiddi af þeim árangri sem kærandi hafði náð 10. sama mánaðar og skilað til lækkunar á forgjöf. Ákvörðun formanns kappleikjanefndar varð þess valdandi að kærandi var ekki meðal verðlaunahafa á golfmótinu sem svo hefði orðið ef forgjöfin hefði ekki verið færð niður þennan dag.

Málsástæður og rök kæranda

Krafa kæranda lítur að því að Kristján Georgsson formaður mótanefndar hafi breytt forgjöf kæranda að loknum leik en áður en móti var slitið og þar með svipt kæranda heiðri og verðlaunum. Þetta hafi verið brot á golfreglum 6.6.c, þar sem segir að enga breytingu megi gera á skorkorti eftir að keppandi hefur afhent nefndinni það og í högggleik sé nefndin ábyrg fyrir heimfærslu þeirrar forgjafar sem skráð sé á skorkortið. Hafi Kristján hins vegar talið kæranda skilað inn skorkorti með of hárrí forgjöf hafi honum borið að víkja kæranda úr keppninni samkvæmt golfreglu 6.2.b. Fyrirsvarsmaður kæranda krefjist því að Kristjáni Georgssyni sem formanni mótanefndar verði refsað og að þyngd refsingar verði að mati dómsins, en þó samkvæmt 2. tl. 17.gr. og að réttur kæranda til þess heiðurs og verðlauna sem hún sannalega réttilega vann verði að fullu viðurkenndur og farið verði að samkvæmt úrskurði The Royal and Ancient Golf Club of St. Andrews nr. 33.5/2. Um tímafresti kæru er vísað í úrskurð The R&A G C og St. Andrews nr. 33.5/2

Málsástæður og rök kærða fyrir frávisum

Í andmælum kærða segir að málavaxtalýsing í kæru sé ekki rétt í veigamiklum atriðum. Þar segir einnig að kærandi hafi áður borið mál þetta undir alla dómstóla íþróttahreyfingarinnar sem um málið gátu fjallað þó þannig að kröfugerðinni væri lítilháttar breytt. Málinu hafi verið vísað frá á öllum dómstigum. Bent er á niðurstöðu í úrskurði Golfdómstóls GSÍ frá 20. september 2000 en þar segir: "Það er álit dómsins, að engin sönnun hafi verið færð fram fyrir því, að nokkur forráðamaður Nesklúbbsins hafi í einu eða neinu brotið af sér eða rétt á kæranda máls þessa við framkvæmd golfkeppni í Nesklúbbum hinn 21. maí 1998.

Kærði ber fram eftirfarandi rök fyrir því að málinu verði vísað frá dómi: Málinu hefur áður verið vísað frá dómstólum íþróttahreyfingarinnar á öllum dómstigum og ekkert það framkomið sem réttlætir að það skuli tekið upp aftur. Þegar af þessari ástæðu ætti að vísa málinu frá án fyrirtöku. Það á ekki að skipta neinu í þessu sambandi þótt kærandi beini spjótum sínum að öðrum aðilum en áður þar sem niðurstaða fyrrgreinds úrskurðar er á þá leið að enginn forráðamanna Nesklúbbsins hafi brotið af sér eða rétt á kæranda í umræddu tilviki.

Kærufræstur er liðinn. Atvik máls eru á þá leið að kærandi tók þátt í undankeppni holukeppni og komst kærandi áfram og gerði ekki athugasemd við niðurröðun í holukeppnina er á eftir fylgdi sem tók mið af leiðréttri forgjöf kæranda. Undankeppnin fór fram 21. maí 1998 en beiðni kæranda um úrskurð (ekki kæra) var send til skrifstofu GSÍ 7. júlí 1998. Í álit og niðurstöðu úrskurðar Golfdómstóls GSÍ segir um þetta atriði "Kærandi og talsmaður hennar höfðu sætt sig við þá framkvæmd og ekki andmælt henni áður en keppni lauk. Kom því ekki til að

úrskurða þyrfti eða rökstyðja skriflegar ákvarðanir í sambandi við framkvæmd mótsins. Framkvæmd mótsins var heldur ekki kærð innan þess tveggja vikna kærufrests sem 3.gr. dóms- og refsíákvæða ÍSÍ setja fyrir málskoti”.

Andsvar kæranda við frávísunarkröfu kærða

Í andsvarinu hafnar kærandi fullyrðingu kærða að málavöxtum sé ranglega lýst í kæru. Hann mótmælir kröfu kærða um frávísun málsins frá dómi og telur að hún eigi ekki við þegar um brot á golfreglum sé að ræða. Óhrekjandi sé að brotið var gegn golfreglu 33.5 og því séu skv. úrskurði R & A G C of st. Andrews 33.5/2 engin tímamörk á leiðréttinu slíkra “mistaka” og þar með engin tímamörk á kæru.

Álit og niðurstaða dómsins

Eins og fram hefur komið taka kröfur kæranda samkvæmt kæru til þeirra kæruefna að Kristján Georgsson verði að mati dómsins dæmdur til refsingar samkvæmt 2.tl. 17. gr. laga um dómstóla Golfsambands Íslands og að réttur kæranda til þess heiðurs og verðlauna sem hún vann til verði að fullu viðurkenndur. Af hálfu kærða er krafist frávísunar og til vara sýknu.

Dómara ber í upphafi að yfirfara frávísunarkröfur kærða og andmæli kæranda við þeim. Dómkröfur kæranda í máli þessu eru að hluta til sömu og áður hafa verið settar fram í kærum hans til dómstóla íþróttahreyfingarinnar. Meginreglan í réttarfari er sú að krafa sem hefur verið dæmd að efni til verði ekki borin undir sama eða hliðsettan dómstól. Í úrskurðum dómstólanna hefur verið fjallað um framkvæmd golfmótsins en þó hafa efnisdómar ekki gengið þar sem málinu hefur ávallt verið vísað frá. Verður máli þessu ekki vísað frá dómi af þessum sökum.

Það er álit dómsins að þegar fyrirvarsmaður kæranda sendi Golfsambandi Íslands erindi (kæru) hinn 7. júlí 1998 með ósk um svör um tiltekin atriði um framkvæmd mótsins hafi kærufresturinn verið liðinn. Árið 1998 voru í gildi lög um dóms- og refsíákvæði ÍSÍ. Í 3. gr.a segir: *Kærufrestur er tvær vikur frá því atvik það, sem kært er bar við eða ástandi lauk ef um ástandsbrott er að ræða. Þó getur framkvæmdarstjórn ÍSÍ eða stjórn hluteigandi sérsambands gefið til þess leyfi, ef stjórninni þykir sérstök ástæða til.* Fram hefur komið að fyrirvarsmaður kæranda var kunnugt í lok leikdags um þá ákvörðun umsjónarmanna golfmótsins að breyta forgjöf kæranda og að hann hafi þá að kvöldi sama dags talið að með ákvörðuninni hefðu forgjafarreglur og golfreglur verið brotnar og um leið réttur kæranda til heiðurs og verðlauna í mótinu. Fyrirvarsmaður kæranda hefur lengi verið meðlimur í Golfklúbbi Ness, unnið þar að félagsmálum og keppt í fjölmörgum golfmótum. Ætla má því að honum hafi verið auðvelt að kynna sér reglur um kærur og kærufresti. Hann hafði góðan tíma til að undirbúa og leggja fram kæru innan þess kærufrests sem 3.gr.a laga um dóms- og refsíákvæði ÍSÍ heimilaði. Golfmótið á Seltjarnarnesi var undankeppni holukeppni. Af hálfu kæranda var ekki gerð athugasemd við framkvæmd mótsins og henni ekki andmælt áður en keppni lauk. Mikilvægt er að ágreiningsefni sem þessi séu borin undir úrskurðaraðila strax eftir að þau bera að og að niðurstaða dóms liggja fyrir innan hæfilegs tíma. Nauðsynlegt er að takmarka

kærufresti svo ekki skapist langvarandi óvissa um niðurstöður í ágreiningsmálum. Annað hefur neikvæð áhrif á starf íþróttahreyfingarinnar. Kærufresturinn skv. 3.gr.a laga um dóms- og refsíákvæði á hér við í þessu máli og kæruefnið fellur undir 1. gr. sömu laga. Það er álit dómsins að þrátt fyrir hugsanlega ágalla á framkvæmd mótsins hafi ekki verið rök fyrir því að framlengja kærufrestinn eins og 3.gr.a heimilaði. Hagsmunir kæranda í málinu réttlæta það engan veginn. Það er tilhneying við gerð lagasetningar að stytta kærufresti í kærumálum og má í því sambandi vísa til núgildandi laga um dómstóla GSÍ þar sem kærufrestur skv. 7.gr. 1. tl. er 5 dagar og til 24.1. greinar laga um Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands frá 28. apríl 2002 þar sem kærufrestur er ein vika. Samkvæmt framangreindu verður ekki hjá því komist að vísa þessu máli frá dómstóli Gólfsambandi Íslands.

Heimilt er að áfrýja úrskurði þessum til áfrýjunardómstóls GSÍ. Áfrýjunarfrestur er 5 dagar frá því að úrskurður dómstóls GSÍ var uppkveðinn. Almennir frídagar teljast ekki með. Þar sem úrskurður var kveðinn upp að fyrirsvarsmönnum aðila fjarstöddum og sendur þeim í pósti telst áfrýjunarfrestur hefjast tveimur dögum eftir dagsetningu úrskurðar.

Úrskurðarorð

Kæru Suphit Donkanha gegn Kristjáni Georgssyni er vísað frá dómstóli Gólfsambands Íslands.

Lautur. Sætur